

Ed.

80. Frumvarp til laga

[73. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnáam, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson,
Karl Kristjánsson, Hermann Jónasson, Helgi Bergs.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, 30 millj. kr.
2. Vaxtatekjur.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður skal greiða hækkun þá, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. janúar 1960 á þeim erlendu lánum, sem hvíla á Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Greiðsluskylda ríkissjóðs náí til afborgana og vaxta Stofnlánadeildar af lánunum og gildi þar til lánunum er lokið.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánum til íbúðarhúsa í sveitum skulu vera $3\frac{1}{2}\%$ og af öðrum lánum Stofnlánadeildar 4%.

4. gr.

- a. 2. málsgr. 12. gr. laganna falli burt.
- b. Orðin „ákvæði 2. málsgr. og“ í 3. málsgr. 12. gr. laganna falli burt.

afurða. Skatturinn, sem lagður er á bændur í þessu skyni, nemur 1% af verði landbúnaðarafurða og samsvarar 2% kauplækkun hjá bónda á meðalbúi.

Ríkisvaldið ákvað hinar miklu gengisfellingar, sem röskuðu fjárhagsgrundvelli stofnlánasjóða landbúnaðarins. En samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem hér um ræðir, eru bændur nú skattlagðir m. a. til að standa straum af tapi, sem gengisfellingarnar ollu, hjá Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði.

Með frv. þessu er stefnt að því, að á þessu verði gerð breyting, þannig að Stofnlánadeild landbúnaðarins fái árlega til starfsemi sinnar hluta af því fjármagni, sem til útlána er í Þjóðfélaginu á hverjum tíma, og með þeim kjörum, að ríkissjóður leggi fram nægilega háa fjárhæð árlega til að greiða vaxtamun af því fé, sem þannig er fengið til stofnlána í landbúnaði. Hér er lagt til, að árlegt framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins nemi 30 millj. kr.

Mikið er af því látið um þessar mundir hve sparifjárukning hafi orðið mikil að undanfögnu. Umráðafé bankanna vex að sama skapi. Landbúnaðurinn er einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Réttmætt er, að hann njóti góðs af því veltufé, sem til umráða er, og fái þannig fjármagn til stofnlána.

Í 2. gr. frv. er kveðið svo á, að ríkissjóður skuli greiða hækkun þá, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. janúar 1960 á þeim erlendu lánunum, sem hvíla á Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Hinir háu vextir, sem nú eru í gildi, eru þung byrði á atvinnuvegunum. Landbúnaðurinn getur, þegar sómasamlega er að honum búið, veitt þeim, er við hann starfa, sæmilega trygga afkomu, en ekki skjótfenginn gróða. Með ræktun og byggingum í sveitum er verið að bæta landið og búa í hagin fyrir þá, sem það erfa, jafnframt því að þeir, er framkvæmdirnar gera, bæta aðstöðu sína. Það er því hvorki réttmætt né fært að láta landbúnaðinn bera þunga vaxtabyrði af stofnlánunum. Þjóðfélagið erfir að allmiklu leyti, handa seinni kynslóðum, framkvæmdir, sem bændastéttin gerir til umbóta og uppbyggingar í landinu, og er þess vegna skylt að taka þátt í þeim á hverri liðandi stund m. a. með því að sjá bændum fyrir vaxtalágum og löngum stofnlánunum. Í frv. þessu segir, að vextir af lánunum úr Stofnlánadeild skuli vera $3\frac{1}{2}$ —4%, en það er eins og vextir stofnlánasjóðanna voru, áður en lög nr. 4/1960, um efnahagsmál, tóku gildi.

Þá er og lagt til, að niður falli það lagaákvæði, að erlent lánsfé Stofnlánadeildar megi ekki endurlána til vinnslustöðva og vélakaupa, nema með gengisákvæði.

Því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitum, þeim mun meira fjármagn er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Þróun atvinnuvegarins að þessu leyti er óhjákvæmileg og má ekki stöðvast, en hún torveldar eðlileg eigendaskipti á jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun hlaupi undir bagga, þannig að unga kynslóðin geti án þess að reisa sér hurðarás um öxl eignast jarðir og hafið atvinnurekstur, þegar hinir eldri verða að hætta búskap fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum og vilja selja fasteignir.

Veðdeild Búnaðarbankans á að gegna því hlutverki að veita lán vegna jarðakaupa og greiða þannig fyrir slíkum viðskiptum. En um langt skeið hefur Veðdeildina skort mjög tilfinnanlega fjármagn til þessarar starfsemi.

Í frv. þessu er kveðið á um að auka fjármagn Veðdeildarinnar verulega frá því, sem nú er. Gera á Seðlabanka Íslands skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána Veðdeild Búnaðarbankans 50 millj. kr. Samkvæmt frv. skal Veðdeildinni enn fremur heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og séu bréfin eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa, þannig að nokkur hluti lánsfjárhæðarinnar sé greiddur í bankavaxtabréfum.

Samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum ber að skipa fimm manna nefnd, er hafi það verkefni í samvinnu við Teiknistofu landbúnaðarins að gefa sem ákveðnar leiðbeiningar um hagkvæmustu gerð bygginga á sveitabýlum, sérstaklega peningshúsa. Til þessarar

5. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (14. gr.) Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána Veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, þó eigi minna en 50 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.
- b. (15. gr.) Veðdeild Búnaðarbankans er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Vextir af bankavaxabréfum þessum skulu vera jafnháir vöxtum af lánnum, sem Veðdeild Búnaðarbankans veitir.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa.

Ákvæði 16. gr. 3. málsg. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til þessa flokks bankavaxtabréfa.

- c. (16. gr.) Heimilt er Veðdeild að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu vegna jarðakaupa, að allt að 40% lánstjánhæðarinnar sé greitt í bankavaxtabréfum, sem út eru gefin samkvæmt 15. gr.

Afborgunum og endurgreiðslum lána, sem greidd eru í bankavaxtabréfum, skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna.

6. gr.

Í stað orðanna „eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum“ í 2. málsg. 71. gr. laganna komi: minnst 350 þúsund krónur á ári.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Byggingarsjóður sveitabæja og Ræktunarsjóður Íslands gegndu mikilvægu hlutverki, allt frá því að Framsóknarflokkurinn kom því til leiðar, að þeir voru stofnaðir.

Sjóðir þessir hafa um rúmlega þrjátíu ára skeið veitt lán með hagkvæmum kjörum til bygginga og ræktunar í sveitum.

Starfsemi þessara sjóða fór vaxandi samhliða því, að framkvæmdir jukust í sveitum.

Á árunum 1950—1958 var sjóðum þeim, sem hér um ræðir, aflað fjár til lánveitinga — til viðbótar eigin fé þeirra — eftir ýmsum leiðum. Á þessu tímabili varð oft verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, og ráðstafaði Alþingi honum með sérstökum lögum. Af því fé fengu þessir sjóðir 52 millj. kr. Ræktunarsjóði var tryggt allmikið fjármagn árlega af fé mótvirðissjóðs. Enn fremur voru af hálfu ríkisins tekin erlend lán til að endurlána þessum sjóðum Búnaðarbankans.

Til þess að efla þessa sjóði var sumum þeirra lána, sem sjóðirnir höfðu fengið af ríkisfé, breytt í óafturkræf framlög, enda var hrein eign þessara lánasjóða í árslok 1958 samtals 105 millj. kr. Við gengisbreytingar þær, sem gerðar hafa verið að undanfögnu, hækkuðu svo stórkostlega í íslenskum krónum hin erlendu lán, er tekin höfðu verið vegna Byggingarsjóðs og Ræktunarsjóðs og árlegar greiðslur af þeim, að fjárhagsgrundvöllur sjóðanna raskaðist.

Það var talinn tilgangurinn með lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, að vinna það upp aftur, sem tapast hafði við gengisfellingarnar, og efla sjóðinn að nýju. Var sú leið farin að afla Stofnlánadeild landbúnaðarins fjár með sérstökum skatti á bændastétt landsins gegn jafnháu framlagi ríkissjóðs og með sérstöku álagi á útsöluverð landbúnaðar-

starfsemi hefur ekki verið veitt fé í fjárlögum, svo sem þörf krefur. Hér er lagt til, að lögfest verði fast framlag í þessu skyni, eigi minna en 350 þús. kr. á ári.

Landbúnaðurinn stendur höllum fæti eftir þær gífurlegu verðhækkanir, sem hin svokallaða „viðreisn“ hefur valdið. Framlagið til Stofnlánadeildarinnar á ekki að taka til greina, þegar landbúnaðarafurðir eru verðlagðar. Það er í reynd skattur af kaupum bóndans. Honum er gert skylt að afhenda Stofnlánadeildinni þennan tiltekna hluta af kaupum sínum í því skyni, að hann geti átt þess kost að fá þaðan lán vegna framkvæmda á býli sínu.

Framlag af hálfu iðnaðarins til iðnlánasjóðs og sjávarútvegsins til fiskveiðasjóðs — en það hefur verið haft til samanburðar — kemur inn í verðlag framleiðslunnar eins og söluskattur eða er tekið til greina, þegar metin er af hálfu ríkisvaldsins aðstaða sjávarútvegsins.

Ákvæðið um framlag landbúnaðarins til Stofnlánadeildarinnar var lögleitt gegn vilja félagssamtaka bændastéttarinnar, og af þeirra hálfu hefur þessum skatti verið kröftuglega mótmælt.

Háttvirt Alþingi ætti að taka þetta til greina, lögfesta nú frv. þetta og fella þar með niður þennan skatt.